



**Alþingi, nefndasvið,
B.t. Kristjönu Benediktsdóttur,
150 Reykjavík**

Bifröst, 22. feb. 2012

Efni: Umsögn Háskólans á Bifröst til Allsherjar- og menntamálanefndar Alþingis um frumvarp til laga um háskóla, 468. mál.

Meðfylgjandi eru athugasemdir Háskólans á Bifröst vegna frumvarps til laga um háskóla, 468. mál. Gerðar eru athugasemdir við einstakar greinar, þar sem það á við.

1. gr. frv.

Í breytingunum við fyrstu grein og reyndar víðar í frumvarpinu, birtast meðal annars áherslur sem undirstrika að háskóli skuli starfa með hagsmuni komandi kynslóða að leiðarljósi og undirbúa nemendur til ábyrgtrar þátttöku í lýðræðissamfélagi. Þá er í greininni skerpt á þeirri grundvallarhugsun sem kemur fram í 3. gr. háskólalaga að háskólar skuli ráða starfsemi sinni sjálfir og ákveða hvernig henni er best fyrir komið til hagsbóta fyrir íslenskt samfélag, nemendur og framþróun vísinda og fræða. Háskólinn á Bifröst styður þær áherslur sem birtast í breytingum á 1. gr. enda eru þær í anda þeirrar hugsunar sem birtist í yfirstandandi stefnumótun Háskólans á Bifröst – að við námsskipulag og í allri starfsemi skólans skuli hugmyndafræði sjálfbærrar þróunar höfð að leiðarljósi. Háskólar víða um heim (ekki síst viðskiptaháskólar) leggja nú aukna áherslu á að innihald náms endurspegli ábyrga afstöðu til loftslagsmála, góðra stjórnarháttanna og samfélagsábyrgðar og má segja að slík krafa hafi vaxið mjög eftir tilkomu efnahagskreppunnar, sem margir telja að einhverju leyti megi rekja til ákvarðana óábyrgra stjórnenda í viðskiptalífi og fjármálastofnunum. Meðal annars hafa um 400 menntastofnanir víða um heim tekið þeirri áskorun Sameinuðu þjóðanna að leitast við að mennta ábyrga stjórnendur í þessu tilliti. Átakið er runnið undan rifjum UN Global Compact og gengur undir heitinu Principles of Responsible Management Education (skammstafað PRME). Margir viðskiptaháskólar taka þátt í átakinu og má þar nefna Copenhagen Business School og Aarhus Business School í Danmörku. Háskólinn á Bifröst er eins og stendur eini íslenski háskólinn sem hefur skráð sig til leiks og vinnur nú að innleiðingu markmiðanna í öllu sínu starfi.

2. gr.

Hér er lögð til sú breyting að setja inn ákvæði í háskólalög um fræðilegt sjálfstæði akademískra starfsmanna. Slíkt sjálfstæði er nauðsynleg forsenda fyrir framgangi vísinda og fræða og nauðsynlegt að viðhaft sé, eigi háskóli að geta staðið undir nafni. Þótt slíkt ákvæði hafi ekki verið áður í háskólalögum er þó ljóst að lítið hefur verið svo á í háskólasamfélaginu að sjálfstæði fræðimanna sé viðhaft. Eigi að síður er æskilegt að kveða á um svo mikilvæga forsendu í háskólalögum og er breytingin því tvímælalaust til bóta.

3. gr.

Tekið er undir þá hugsun sem birtist í athugasemdum við 3. gr. að æskilegt sé að reka háskóla sem sjálfseignarstofnun eða sem ríkisstofnun, enda samræmist það þeirri hugsun sem kemur fram í breytingum við greinina að háskóla skuli ekki reka í ágóðaskyni. Háskólinn á Bifröst er sjálfseignastofnun og vinnur á grundvelli laga um slíkar stofnanir, þar sem fram kemur að óheimilt sé að ráðstafa hagnaði stofnunarinnar til annars en í bundin framlög til sjóðs viðkomandi stofnunar eða til annarra þarfa starfseminnar. Markmið hlutafélaga er samkvæmt lögum þar um annað og meðal annars það að afla hluthöfum fjárhagslegs ávinnings. Það er þó eigi að síður mikilvægt sem tekið er fram í athugasemdum með greininni að með breytingunni sé ekki girt fyrir að háskólar geti átt eignaraðild að fyrirtækjum á sviði nýsköpunar, vísinda og kennslu og að ekki sé lagt bann við því að tiltekinn hluti starfseminnar afli tekna á öðrum forsenum en hin eiginlega kennslu- og rannsóknarstarfsemi. Jafnframt er það að mati Háskólans á Bifröst eðlilegt að slíkum fjárframlögum sé haldið aðgreindum frá þeim starfseiningum skólanna sem njóta opinberra framlaga vegna kennslu og rannsókna.

Um 7. gr. og 8. gr.

Tekið er undir þá meginhugsun sem birtist í greinunum að háskólar skuli vinna þannig að nemendur geti fengið nám sitt viðurkennt á milli viðurkenndra íslenskra háskólastofnana. Á þessu hefur verið nokkur brestur þrátt fyrir viðleitni til að ná samningum um slík mál og er það miður. Má nefna hér sem dæmi tregðu við að viðurkenna sambærileg námskeið í lögfræði á milli háskóla, þrátt fyrir að um sé að ræða stofnanir sem hafa viðurkenningu ráðuneytis til að kenna slík námskeið og til að ákveða innihald námsleiða og einstakra námskeiða. Slík tregða er einungis til að rýra rétt nemenda og ólíðandi.

Um 10. gr.

Háskólinn á Bifröst gerir ekki athugasemdir við þessa breytingu en vill þó taka fram hvað a lið varðar að við skólann eru bæði nemendur og kennarar drjúgur hluti þeirra sem skipa háskólaráð skólans. Í 12 manna háskólaráði sitja 5 nemendur og 4 fulltrúar starfsmanna ásamt 3 stjórnendum. Nemendur eiga auk þess sæti í fagráði skólans sem skipuleggur námið og hefur eftirlit með því að eftir reglum skólans sé fylgt í kennslu og námsskipulagi. Sama á við um gæðaráð skólans sem ber ábyrgð á gæðamálum í umboði rektors. Breytingin myndi því ekki hafa nein áhrif á stjórnskipulag skólans, heldur einungis styðja það eins og það er.

Um 12. gr.

Ekki eru gerðar athugasemdir við þessa breytingu en um leið tekið undir mikilvægi þess að meta tiltekna þekkingu og reynslu jafngilda doktorsprófi. Í litlu fræðasamfélagi eins og á Íslandi eru þess dæmi að mjög fáir einstaklingar ef nokkrir hafi lokið doktorsprófi á viðkomandi sviði auk þess sem sérstaða tiltekinna námsgreina getur kallað á slíka undanþágu frá almennu kröfunni um menntunarskilyrðin. Má þar nefna nokkrar greinar sem dæmi, s.s. lögfræði og listnám en á því sviði er doktorsmenntun ekki algeng og í síðarnefnda tilvikinu ekki á nokkurn hátt æskilegt skilyrði fyrir því að hljóta hæfnisdóm í stöðu. Þar myndi vart duga að tala um „jafngildí doktorsprófs“ og sé aðeins vísað almennt til viðurkenningar í listgrein er það of vítt hugtak. Lagt er til að þessi grein sé umorðuð í samráði við LHÍ.

Um 13. gr.

Ekki eru gerðar athugasemdir við b og c lið greinarinnar en breyting sú sem lögð er til í a lið greinarinnar þarfnast frekari skýringa áður en unnt er að taka til hennar afstöðu. Slíkt samræmt fyrirkomulag innritunar, meðferð umsókna og auglýsing umsóknarfrests þarf að henta mismunandi þörfum háskólanna og má ekki skerða möguleika þeirra til að skipuleggja starf sitt með þeim hætti sem þeir telja best. Háskólinn á Bifröst hefur til dæmis boðið upp á sumarnám og tekur inn í hluta námsins í upphafi sumars í stað hausts, eins og algengast er.

Staðlað umsóknarferli getur því orkað tvímælis í slíkum tilvikum. Skýra þarf hvert markmið með slíkri samræmingu á að vera og rétt að tiltaka með nákvæmari hætti hvernig því skuli náð.

Um 14.gr.

Í greininni er lagt til að ráðherra sé heimilt að fela einstökum háskólum að sinna kennslu eða rannsóknum á ákveðnum afmörkuðum sviðum. Það er erfitt að sjá tilgang þessa ákvæðis. Í lögunum er skýrt tekið fram að háskólar megi sinna kennslu og rannsóknum á þeim sviðum sem viðurkenning þeirra nær til. Á sama hátt kemur fram að þeim er ekki heimilt að gera þetta nema slík viðurkenning liggi fyrir. Samningur sem ráðherra gerir við einn háskóla um kennslu eða rannsóknir á afmörkuðu sviði, getur því ekki skert rétt annars háskóla til að sinna sömu verkefnum, en getur samningur ráðherra við einn háskóla réttlætt að hann neiti að fjármagna sömu starfsemi við annan háskóla? Í skýringum með greininni segir að heimildin byggist á því að hún verði nýtt til þess að tryggja að háskólastarfsemi eigi sér stað í greinum sem hafa sérstaka þýðingu fyrir íslenskt skólasamfélag en að jafnframt veiti hún ráðherra heimild til að skipta rannsóknum og kennslu á milli háskóla eftir styrkleika þeirra. Hér er farið inn á vafasamar brautir, að minnst kosti orkar það tvímælis að túlka að greinin feli í sér svo víðtæka heimild ráðherra og um leið skerðingu á sjálfstæði háskóla sem athugasemdir greinargerðar gefa tilefni til. Lagt er til að þessi liður sé felldur úr frumvarpinu.

Háskólinn á Bifröst hefur ekki frekari athugasemdir fram að færa á þessu stigi máls en áskilur sér rétt til að koma athugasemdum á framfæri síðar við nefndina ef tilefni gefst til.

Virðingarfyllst,



Bryndís Hlöðverdsóttir, rektor.